

Arndís Halla Ásgeirsdóttir syngur ekki fyrir Þjóðverja þessa helgi heldur landa sína:

Drottning í heimsókn

„Efri hluti tónsviðsins er hennar veidivæði, áreynslulausir hátónar og silfurskær hlátur hennar helsta þryði,“ skrifaði tónlistarráttgjafi þýska stórbláðsins Tagesspiegel í sérstakri grein um hana og bætti við: „Ef ég fengi einhverju ráðið í þessari borg myndu óperur á borð við Don Pasquale og Turko á Ítalíu vera settar á verkefnaskrá í stað þunglyndislegu verkefnanna sem þar eru nú, og húsveggirnir þaktir plakötum þar sem á staði: **Arndís Halla**. Og yfir höfði hennar væri prentað nýtt kjörorð Komische Oper: Meira fjör. Meiri léttleika.“

Það fá ekki allir óperusöngvarar í Berlín sérstakar greinar um sig í dagblöðum, hvað þá að þar séu áhrifamiklir gagnrýnendur að koma því á framfæri að virt óperuhús eigi að breyta stefnu sinni og setja óperur á svið sérstaklega valdar fyrir viðkomandi söngvara! Núna um helgina fá íslenskir óperugestir að njóta söngtöfra Arndísar Höllu Ásgeirsdóttur því hún er gestasöngvari í hlutverki Nætur-drottningarinnar í næstu tveimur sýningum á Tófráflautu Mozarts hjá Íslensku óperunni.

Ekki á haus

Hlutverkið syngur hún líka um þessar mundir í óperuhúsinu í Neustrelitz skammt frá Berlín, en uppsetningarnar eru afar ólíkar. „Allan tímann sem ég er að syngja þar er ég á fullu,“ segir hún með miklum áherslum. „Ég fæ ekkert að standa kyrr og breiða úr mér heldur er ég að henda Pamínu frá mér og svo kemur hún aftur á hnjúnum og reynir að faðma mig og ég tek við henni í bili en fleygi henni svo frá mér aftur! Hilmir Snær fær tíu punkta fyrir söngvaravæna sýningu sem ég hlakka til að taka þátt í. Hann skilur það sem fáir leikstjórar skilja – jafnvel þótt þeir komi úr óperuheiminum – að söngvari getur ekki staðið á haus meðan hann tjáir tilfinningar sínar í söng!“

Arndísi Höllu er sérstaklega minnisstæð uppsetning á Mozartóperu sem hún sá í sjónvarpi, þar sem ein söngkonan var látin liggja á maganum og horfa niður í gólf með útrétta handleggji meðan hún söng ariuna sína. „Þá slökkti ég,“ segir Arndís Halla og skellir upp úr. „Ópera er fyrst og fremst söngverk þó að hún sé líka leikverk og myndlistarverk, og maður verður að geta sungið! Það gefur auga leið að körfubolta maður er ekki látinn leika körfubolta með hendur bundnar fyrir aftan bak! En margir virðast alls ekki átta sig á þessu. Það sýnir vantraust á bæði söngvara og verki ef söngvarinn þarf að gera einhverjar kúnstir sem ekkert koma hlutverkinu við um leið og hann syngur.“

Stingandi tær kóloratúr

Hanna Dóra Sturludóttir syngur Pamínu á móti Arndísi Höllu bæði í Neustrelitz og hér heima um helgina, og þær hafa fengið góðar umsagnir í blöðum ytra. „Sýningin þykir ekki sérstaklega góð í heild sinni upp á leikstjórn




Arndís Halla Ásgeirsdóttir sópransöngkona
Hún syngur Næturdrottninguna í Tófráflautunni um helgina.

að gera,“ segir hún, „en við Hanna Dóra fengum góðar umsagnir í blöðum. Um Hönnu Dóru var sagt að hún bæði léki og syngi afar vel. Hún hefur sungið nokkur ár í húsinu og er ákaflega vel látin. Um mig var sagt að ég hefði ekki verið alveg nógu fjúkandi reið en kóloratúrinn hefði verið stingandi tær, og í annari að kóloratúrinn hefði verið brílljant. Það var ekki yfirleitt skrifað mikið um hvern og einn og sumir voru teknir í nefið, svo við þóttumst heppnar!“

Tófráflautan verður á fjölnum í Neustrelitz út þetta leikár og Arndís Halla er

líka að syngja minni hlutverk í Komische Oper í Berlín. Hún er annars að leita fyrir sér, langar mikið til að sjá meira af heiminum en Berlín og nærsveitir.

„Ég hefði ofsalega gaman af að vinna meira heima,“ segir hún og kallar svo ofan í upp-tökutæki blaðamannsins: „Ef fólk vantar mig þá er sá minni ...“ Síðan þurrkar hún hláturtárin úr augunum og bætir við: „Ég hef það fint á þessu leikári og ágætt á því næsta en ég er ekki búin að ákveða hvað verður svo. Ég ætla bara að sjá – hvað mér býðst og hvað ég vil. Sjá hvað setur.“



Bók og tónleikar

Kristján Guðmundsson myndlistarmaður er ekki aðeins með stóra yfirlitssýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum, það var líka að koma út um hann stór og glæsileg bók með myndum af fjölmörgum verka hans og ítarlegri ritgerð um list hans eftir Ólaf Gíslason listfræðing.

Kristján er meðal frumkvöðla nútímalistar hér á landi og hafa verk hans iðulega vakið hörð viðbrögð, umtal og deilur – og má þar minna á „Vörðubrotið“ á Skólavörðuholti sem gert var úr heilheitibrauðum og fjarlægð af lögreglunni af heilbrigðisástæðum. Á seinni árum nýtur list hans vaxandi virðingar eins og ofanefnd dæmi sanna.

Á sunnudaginn kemur kl. 16 verða tónleikar á Kjarvalsstöðum til heiðurs Kristjáni þar sem Tómas R. Einarsson og Berlínarkvartett hans leika. Verða þetta einu tónleikar kvartettsins áður en hann heldur til Berlínar á hina virtu djasshátíð þar.

Bókin um Kristján er gefin út af Máli og menningu. Sýning Kristjáns stendur til 11.11. og er opin alla daga kl. 10-17 og til kl. 19 á miðvikudögum.


Síðustu forvöð

Nú eru síðustu forvöð að sjá sýningu annars Kristjáns, nefnilega Davíðssonar, í íggallerí við Klapparstig, en henni lýkur á laugardaginn.

Kristján Davíðsson er „the grand old man“ í íslenskrum myndlist. Hann nam við Barnes Foundation í Merion og Pennsylvaníuháskólann og fyrsta einkasýning hans var í International Student House í Filadelfíu árið 1946. Síðan hefur hann sýnt víða um heim. Málverk hans hafa alla tíð verið óhlutbundin en hafa þó þróast á löngum ferli. Í dag eru einkennandi fyrir verk hans finlegir pensildrættir sem flæða yfir strigann og má segja að verkin séu oft á mörkum málverks og teikningar. Íggallerí er opið þriðjudaga til laugardaga frá 13 til 17.



Frumspeki



Hið íslenska bókmenntafélag hefur gefið út Hugleiðingar um frumspeki eftir franska 17. aldar heimspekinginn René Descartes í þýðingu Þorsteins Gylfasonar sem einnig ritar inngang og skýringar. Þetta er eitt af höfuðritum vestrænnar heimspéki og í því færir höfundur sönnur á tilveru Guðs og greinarmun sálar og líkama. Röksemdir hans um þessar tvær af stærstu gátum mannsandans voru á sínum tíma afar nýstárlegar og mættu sterki andstöðu. Í inngangi sínum útlistar þýðandinn og gagnrýnir rökfærslur Descartes og setur textann í samhengi við hræringar í andlegu lífi á meginlandi Evrópu og á Íslandi á 17. öld.

Ritið er gefið út í röð Lærdómsrita Bókmenntafélagsins sem nú eru orðin 48 talsins.

Dekurkvöld

Í kvöld kl. 20 verður dekurkvöld á Súfistanum, bókakaffi, Laugavegi 18, þar sem dekur- og heilsuþætur Mál og menningar, Forlagsins og Almenna bókafélagsins verða kynntar. Einnig verður leikið af nýjum slökunardiski sem Ómi gefur út með tónlist eftir Einar Ágústsson og slökunartexta Guðjóns Bergmanns.

Bækurnar sem kynntar verða eru Jóga fyrir byrjendur eftir Guðjón Bergmann, Láttu þér líða vel eftir Jane Alexander, Hefðbundnar og náttúrulegar lækningar úr bókaflökknum Handhægu heilsuþætur og Karlmannahandbókinn eftir Barböru Enander.

Karlmannahandbókinn



Tónlist

Sinfónían á Dalvík

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar, efndi til tónleika í Akureyrarkirkju 20. október og síðan í Dalvíkurkirkju 21. október, þar sem leikin var sama efnisskrá og flutt hafði verið í Akureyrarkirkju. Undirritaður sótti tónleikana á Dalvík.

Ekki er lengra síðan en 23. september að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands efndi til tónleika í Glerárkirkju, og er gott til þess að vita, að drifandi er í starfi hennar. Hún er ómetanlegur hlekkur í menningarlífi norðan heiða. Tilvera hennar gefur tónlistarunnendum tækifæri til þess að njóta sinfónískrar tónlistar á tónleikum, en ekki síður veitir hún norðlensku tónlistarfólki tækifæri til þess að koma list sína. Hér er ekki síst höfðað til þess mjög svo hæfa fólks, sem kennir við tónlistarskóla í Norðlendingafjórðungi, en líka koma gjarnan við sögu



Guðmundur Óli Gunnarsson Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er ómetanlegur hlekkur í menningarlífi norðan heiða.

langt komnir nemendur skólanna.

Einn af mikilvægari þáttunum í starfsemi hljómsveitarinnar er að fara í tónleikaferðir. Slíkar ferðir staða á milli eru dýrar og fyrirhafnarsamar. Væntanlega hefur það ráðið miklu um efnisval og fjölda hljóðfæraleikara á tónleikum 20. og 21. október þegar hljómsveitin var einungis skipuð fjórtán hljóðfæraleikum. Það sýndi sig hins vegar, í það minnsta á tónleikum í Dalvíkurkirkju, að það er ekki fjöldinn, sem skiptir sköpum um gæðin eða þá ánægju, sem hafa má af tónleikum. Sinfóníuhljómsveitin stóð sig með þryði undir stjórn Guðmundar Óla. Tæplega nokkra feyru var að finna á leik hennar; örfáa sára tóna, einkum í málmbilásurum, og fáeina staði, sem hefðu mátt vera nokkru ákveðnari, einkum í fyrsta verkinu, „Dans ritual del fuego“ eftir Manuel De Falla.

Önnur verk á tónleikum voru „Pavane pour une infante définate“ eftir Maurice Ravel, þar sem náðist ljúf angurværð, „Concertino da Camera“ eftir Jacque Ibert, þar sem Guido Bäumer lék einleikshlutverkið á saxófón og gerði mikið vel; tónninn fagur og allur flutningur öruggur. Hljómsveitin skilaði sínum hluta vel og studdi að leik sóloistans. Þá var flutt hið stórmelna verk Atla Heimis Sveinssonar, „Íslenskt rapp V“, þar sem tónskáldið hefur sleppt sér lausu og skapað verulega fjórlega og kátlega tónlistarlega óreiðu, sem lýtur þó öllum þeim lögmálum, sem við eiga.

Lokaverk tónleikanna var „Music for the Theatre“ eftir Aaron Copland; stórgott verk með djassisku ívafi, sem hljómsveitin náði dável að koma til skila. Þetta verk kekur löngun í fleiri verk bandarískra tónskálda. Vonandi fá tónleikagestir meira að heyrna úr þeim menningarheimi er fram líða stundir.

Haukur Ágústsson

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Dalvíkurkirkju 21.10. Einleikari: Guido Bäumer, saxófónleikari. Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson.